

Reykjavík, 1. apríl, 2025

Skýrsla fræðslunefndar Sálfræðingafélags Íslands fyrir starfsárið maí 2024 – maí 2025

Í fræðslunefnd sátu: Tinna Baldursdóttir, Helga Lára Haarde, Lilja Dís Ragnarsdóttir, Ágústa Friðriksdóttir og Hildur Ósk Gunnlaugsdóttir.

Tinna og Helga Lára voru kosnar á Aðalfundi Sálfræðingafélags Íslands þann 18. apríl, 2024. Lilja Dís, Ágústa og Hildur Ósk komu inn síðar í byrjun maí 2024.

Nefndin hittist fyrst á vinnufundi með stjórn Sálfræðingafélags Íslands og öðrum nefndum þann 30. ágúst 2024 og hefur fyrir utan það hist og borið saman bækur á fimm Teams fundum og verið í reglulegum tölvupóstsamskiptum.

Eftirfarandi fræðslur voru haldnar á tímabilinu:

24. október 2024	Hugrún Sigurjónsdóttir sálfræðingur hélt fræðslu um leitina að hamingjunni. Fræðsla í streymi.
22. nóvember 2024	Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, sálfræðingur og kynlífsráðgjafi, fjallaði um hinseginleikann í sálfræði. Fræðsla í streymi.
5. desember 2024	Sóley Dröfn Davíðsdóttir sálfræðingur kynnti bókina ADHD fullorðinna. Fræðsla í streymi.
23. janúar 2025	Erla Margrét Hermannsdóttir, sálfræðingur á Stuðlum kynnti starfsemi meðferðaheimila Barna- og fjölskyldustofu og þeirri sálfræðimeðferð sem þar er veitt. Fræðsla í streymi.
27. febrúar 2025	Elísa Guðnadóttir sálfræðingur fjallaði um farsældarlögin út frá sjónarhorni sálfræðings. Fræðsla í streymi.
Áætluð fræðsla í maí 2025	Fræðsla um kulnun, streitu, fullkomnunaráráttu og samspil þessara þátta. Leikkonan Kristín Þóra Haraldsdóttir sem hefur undanfarin misseri sýnt einleikinn „Á rauðu ljósi“ í Þjóðleikhúsinu og Helga Lára Haarde, klínískur sálfræðingur, vinnusálfræðingur og ráðgjafi hjá Attentus fjalla á fyndinn og einlægan hátt um kulnun og streitu. Fræðslunni er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um eigin líðan og veita bjargráð þeim sem vilja huga að streitu í eigin lífi. Fræðsla á staðnum.

Félagsmönnum hefur ávallt staðið til boða að fylgjast með erindum í gegnum streymi og hefur það verið vel nýtt.

Tinna og Helga Lára sem voru kjörnar á aðalfundi eru eru hálfnaðar með sín nefndarstörf. Lilja Dís, Ágústa og Hildur sem komu síðar inn og voru ekki kjörnar samkvæmt lögum félagsins. Von er um að þær bjóði sig fram á aðalfundi þann 10. apríl og sitji áfram næstu tvö ár.

Fyrir hönd Fræðslunefndar Sálfræðingafélags Íslands

Tinna Baldursdóttir

Tinna Baldursdóttir sálfræðingur